

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um löggildingu á verzlunarstað í Egilsstaðakaupúni í Suður-Múlasýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í Egilsstaðakaupúni í Suður-Múlasýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þá er atvinnumálaráðuneytið hefur ákveðið takmörk verzlunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61 10. nóv. 1905 og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1967.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

A U G L Ý S I N G

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu, 15. febrúar 1967.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.